

Ár 2010, fimmtudaginn 6. maí., var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Bankasýslu ríkisins

I.

Bankasýsla ríkisins var stofnuð með lögum nr. 88/2009. Í 3. gr. laganna segir að forstjórinn sé ráðinn af stjórn stofnunarinnar og að kjararáð ákveði starfskjör hans.

Kjararáði barst bréf, dagsett 26. janúar 2010, frá fjármálaráðuneytinu. Í bréfinu voru helstu atriði laganna rakin og greint frá því að forstjóri Bankasýslunnar hefði verið ráðinn. Óskaði ráðuneytið eftir því að kjararáð úrskurðaði um laun hans. Gert væri ráð fyrir að þrír starfsmenn mundu starfa hjá stofnuninni auk forstjóra.

II.

Kjararáð ritaði forstjóra Bankasýslunnar bréf hinn 11. febrúar 2010 þar sem honum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum um launakjör. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um aukastörf og hlunnindi sem starfinu fylgi. Forstjórinn svaraði með bréfi dagsettu 26. febrúar 2010. Í bréfinu sagði að Bankasýsla ríkisins hefði verið stofnuð vegna sérstakra aðstæðna sem hefðu skapast við hrun fjármálakerfisins á Íslandi. Ríkissjóður væri nú eigandi að stórum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum og hefðu átta sparisjóðir sótt um eiginfjárframlag úr ríkissjóði á grundvelli svokallaðra neyðarlaga nr. 125/2008. Með útgefni eigendastefnu ríkisins hefðu Bankasýslunni verið sett markmið varðandi eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Meginmarkmiðin séu að stuðla að uppbyggingu heilbrigðs og öflugs fjármálakerfis sem þjóni hagsmunum íslensks samfélags, að byggja upp traust og trúverðugleika á íslenskum fjármálamarkaði og að ríkið fái arð af því fé sem það leggi til fjármálafyrirtækja. Í ljósi þess hversu mikilvægt hlutverk fjármálastofnana sé í nútíma hagkerfi og þeirrar erfiðu stöðu sem nú ríki á íslenskum fjármálamarkaði og í efnahagslífi almennt sé ljóst að um afar vandasamt verkefni sé að ræða. Verðmæti eigna í stýringu Bankasýslunnar séu mikil, hún fari með 81% hlut í Landsbankanum (NBI hf.), 13% hlut í Arion banka hf. og 5% hlut í Íslandsbanka hf. Verðmæti þessara eignarhluta gæti verið um 150 milljarðar króna. Ábyrgðin væri því mikil. Starfsmenn yrðu ekki margir en að teknu tilliti til verðmætis eignarhluta ríkisins í umsjá Bankasýslunnar verði ábyrgð hvers starfsmanns mikil. Miklu skipti að vel takist til með starfsmannaval og að fólk með nauðsynlega sérþekkingu og reynslu verði ráðið til starfa hjá stofnuninni. Verði laun forstjóra Bankasýslunnar lág miðað við það sem gerist á vinnustöðum þar sem sömu sérþekkingar sé krafist muni það gera stofnuninni erfiðara fyrir við ráðningu annarra starfsmanna. Starfsmenn verði færri en tíu, en því til viðbótar verði ráðnir sérfræðingar utan stofnunarinnar til einstakra verkefna á álagstímum eða þegar sérþekkingar sé krafist sem stofnunin býr ekki yfir. Lögð sé áhersla á virka upplýsingagjöf og gagnsæi í starfsemi Bankasýslunnar og megi gera ráð fyrir að samskipti við fjölmiðla verði viðvarandi þáttur í starfsemi. Bankasýslan sé spurð álit á endurskipulagningu laga-, reglu- og rekstrarumhverfis fjármálamarkaðarins og muni hún þurfa að marka sér stefnu varðandi breytingar á fjármálamarkaðinum og regluverki sem honum tengist og muni það verða tímafrekur þáttur í starfi forstjóra. Bankasýslan sé lítil stofnun sem bjóði ekki upp á mikla sérhæfingu og muni forstjóri sjá um fjármál og rekstrarmál stofnunarinnar. Kveðið sé á um það í lögum að leggja skuli Bankasýsluna niður eigi síðar en fimm árum frá því að hún sé sett á fót og sé staðan því tímabundin. Ekki sé um aukastörf að ræða og engin hlunnindi tengist embættinu.

Minnisblað, dagsett 2. febrúar 2010, barst frá stjórn Bankasýslu ríkisins. Í minnisblaðinu segir að starfsmenn Bankasýslunnar verði væntanlega færri en tíu. Fjárhagsleg ábyrgð sé þó mikil. Stofnunin muni fara með og bera ábyrgð á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum en verðmæti þeirra geti verið um 150 milljarðar króna. Miklar kröfur séu gerðar til forstjórans bæði varðandi menntun og starfsreynslu, vinnuframlag hans muni þurfa að vera verulegt umfram hefðbundinn skrifstofutíma. Að lokum er vakin sérstök athygli á að í lögum um stofnunina sé líftími hennar takmarkaður við fimm ár og sé staða forstjórans því tímabundin.

III.

Með lögum nr. 88/2009 var ákveðið að stofna Bankasýslu ríkisins. Bankasýslan er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Stofnunin fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum. Bankasýslan skal leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlands fjármálamarkaðar. Henni er heimilt að setja á fót félög sem samræmast hlutverki og markmiðum hennar og fara með eignarhluti ríkisins í þeim. Fjármálaráðherra skipar Bankasýslunni þriggja manna stjórn og er hlutverk hennar að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stjórnin ræður forstjóra og semur starfslýsingu og kjararáð ákveður starfskjör hans. Forstjórinn mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar og annast daglega stjórn hennar ásamt því að ráða starfslið. Hann ber ábyrgð gagnvart stjórninni á starfsemi og rekstri stofnunarinnar.

Samkvæmt 4. gr. laganna eru verkefni Bankasýslunnar að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum og -félögum; að sjá um samskipti ríkisins við þau; að fara með atkvæði ríkisins á hluthafafundum fjármálafyrirtækja og á fundum stofnfjáreigenda sparisjóða; að gera samning við stjórnir hlutadeigandi fjármálafyrirtækja, þar á meðal um eiginfjárframlög og um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra; að fylgjast með að settum markmiðum verði náð; að gera tillögur til fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja; að meta og setja skilyrði um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja; að gera tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða boðnir til sölu á almennum markaði og að undirbúa tillögur um sölu.

Í 6. gr. laganna segir meðal annars að forstjóri skuli hafa haldgóða menntun auk sérþekkingar á banka- og fjármálum. Í 9. gr. segir að stofnunin skuli hafa lokið störfum eigi síðar en fimm árum frá því að hún er sett á fót og verður hún þá lögð niður.

Starfsmenn eru nú fjórir en búist er við að þeir verði fimm til sex.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir

dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórnar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna forstjóra Bankasýslu ríkisins, þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars haft hliðsjón af mánaðarlaunum framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs, fjársýslustjóra og bankastjóra Landsbankans, en þeir eru í launaflokkum 137 og 138.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Bankasýslu ríkisins skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2010 skulu mánaðarlaun forstjóra Bankasýslu ríkisins vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú krónur 705.192. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126 nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Bankasýslu ríkisins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir